

Kjarasamningur

milli Samtaka sjálfstæðra skóla (SSSK) vegna Regnbogans, Fossa- Bakka- og Korpukots, Sólgarðs, Mánagarðs, Leikskólans Krílasels, Vinaminnis, Leikskólans Öskju, Leikskólans Laufásborgar, Barnaskóla Hjallastefnunnar í Reykjavík, Heilsuleikskólans Kórs, Ungbarnaleikskólans Ársólar, Leikskólans Lundar, Leikskólans Sælukots, Leikskólans Sjálands, Ísaksskóla, Landakotsskóla, Tjarnarskóla, Waldorfskólans Lækjarbotnum, Arnarskóla, Leikskólans Vinagarðs, Suðurhlíðaskóla, Leikskólans Skerjagarðs og Barnaheimilisins Óss og Eflingar – stéttarfélags

1. gr.

Gildistími og gildissvið

Kjarasamningur þessi gildir frá 1. apríl 2024 til 31. mars 2028. Hann nær til kjara félagsmanna í Eflingu sem starfa hjá aðildarfyrirtækjum SSSK innan félagssvæðis Eflingar.

2. gr.

Inntak sammings

Um kaup og kjör félagsmanna Eflingar sem starfa hjá aðildarfyrirtækjum SSSK fer eftir kjarasamningi Eflingar við Reykjavíkurborg ásamt fylgiskjölum sem undirritaður var 20. júní 2023 nema kveðið sé á um annað í samningi þessum.

3. gr.

Fylgiskjal III

Aðilar eru sammála um að gera eftirfarandi breytingar á fylgiskjali 3 við kjarasamning aðila um sérstaka hækkun lægstu launa.

Yfirlit yfir fjárhæðir á starfsmatsstigabilum í fylgiskjali 3 uppfærast og verður eftirfarandi frá 1. apríl 2024:

Starfsm.stig frá	Starfsm.stig til	Launafl.	Fjárhæð 1. apríl 2024	Fjárhæð 1. apríl 2025	Fjárhæð 1. apríl 2026	Fjárhæð 1. apríl 2027
266	319	221-227	20.134	20.839	21.568	22.323
320	326	228	18.120	18.754	19.410	20.089
327	334	229	16.107	16.671	17.254	17.858
335	342	230	14.094	14.587	15.098	15.626
343	349	231	12.080	12.503	12.941	13.394
350	357	232	10.067	10.419	10.784	11.161
358	365	233	8.054	8.336	8.628	8.930
366	373	234	6.040	6.251	6.470	6.696
374	380	235	4.027	4.168	4.314	4.465
381	388	236	2.013	2.083	2.156	2.231

Fjárhæðir í töflu hér að ofan hafa tekið breytingum samkvæmt kjarasamningsbundnum hækkunum á gildistíma kjarasamnings aðila. 3,25% 1. apríl 2024, 3,5% 1. apríl 2025, 2026 og 2027.

Kaflí II í fylgiskjali III breytist og orðist svo:

Þá hafa aðilar jafnframt orðið ásáttir um að greiða starfsmönnum leikskóla skv. gr. 1.1.3 eftirfarandi fjárhæðir:

Starfsheit	Fjárhæð	Fjárhæð	Fjárhæð	Fjárhæð
	1. apríl 2024	1. apríl 2025	1. apríl 2026	1. apríl 2027
leiðbeinandi 1	41.223,00	42.666,00	44.159,00	45.705,00
leiðbeinandi 1 með stuðning	41.223,00	42.666,00	44.159,00	45.705,00
leiðbeinandi 2	47.615,00	49.282,00	51.007,00	52.792,00
leiðbeinandi 2 með stuðning	47.615,00	49.282,00	51.007,00	52.792,00
leikskólaliði	47.615,00	49.282,00	51.007,00	52.792,00
leikskólaliði með stuðning	47.615,00	49.282,00	51.007,00	52.792,00
deildarstjóri C	53.122,00	54.981,00	56.905,00	58.897,00

Aðilar eru sammála um að á samningstímanum taki önnur laun skv. gr. 1.1.3 þeim hækkunum sem tilgreindir eru í kjarasamningi aðila frá 1. apríl 2024, 3,25% 1. apríl 2024, 3,5% 1. apríl 2025, 2026 og 2027. Fjárhæðir í töflu hér að ofan hafa verið uppreiknaðar miða við ofangreint.

5. gr. Tryggingar

Aðilar eru sammála um að grein 8.1.1 orðist svo:

8.1.1 Starfsmenn skulu slysatryggðir allan sólarhringinn fyrir dauða og vegna varanlegrar örorku. Um trygginguna gilda mismunandi bótafjárhæðir eftir því hvort starfsmaður verður fyrir slysi í starfi eða utan starfs. Skilmálar séu almennir skilmálar, sem í gildi eru fyrir atvinnuslysatryggingar launþega hjá Sambandi íslenskra tryggingafélaga, þegar samkomulag þetta er gert, eftir því sem við á með þeim frávikum, sem í samningi þessum greinir. Hér er vísa til ákvæðis í kjarasamningi Eflingar við Samband íslenskra sveitafélaga.

6. gr. Ráðning og reynslutími

Aðilar eru sammála um að grein 9.2.1 orðist svo:

9.2.1 Ráðning á að byggja á hæfni viðkomandi til að inna starfið vel af hendi og skal sá hæfasti ganga fyrir. Starfsmenn skulu almennt ráðnir til stafa ótímabundið með gagnkvæmum uppsagnarfresti. Reynslutími er sex mánuðir.

7. gr. Samstarfsnefnd

Aðilar skulu skipa samstarfsnefnd, að fyrirmynd greinar 16.1 í samningi Eflingar við Reykjavíkurborg, sem hafi það hlutverk að greiða úr mögulegum ágreiningi milli aðila um túlkun samnings sem upp kann að koma á samningstíma. Nefndin hugi sérstaklega að því að hvernig beri að heimfæra ákvæði úr kjarasamningi Eflingar við Reykjavíkurborg á samning þennan í tilvikum þar sem það kann að vera óljóst t.d. vegna ákvæða sem vísa í tiltekna stjórnáslustofnanir Reykjavíkurborgar. Á sama hátt skal samstarfsnefnd heimilt að fjalla um það með hvaða hætti kunni að vera nauðsynlegt að útfæra samning þennan með tilliti til kjaraatriða sem kunna að vera framsett með öðrum hætti eða á öðrum grundvelli hjá sveitarfélögum utan Reykjavíkur.

8. gr. Samninganefnd félagsmanna

Við framkvæmd á grein 15.8.1 um störf við kjarasamningsgerð í samningi Eflingar við Reykjavíkurborg eru aðilar ásáttir um eftirfarandi fyrirvara: Við skipun félagsmanna í samninganefnd Eflingar við SSSK skulu vera að hámarki tveir félagsmenn frá hverjum þeirra skóla sem taldir eru upp í samningi þessum.

9. gr.
Endurnýjun kjarasamnings

Í ljósi þess að kjör í samningi þessum fara eftir kjarasamningi Eflingar við Reykjavíkurborg eru aðilar ásaáttir um eftirfarandi tilhögun viðræðna að gildistíma samnings loknum:

Viðræður um endurnýjun samnings hefjast ekki fyrr en viðræðuáætlun um endurnýjun samnings Eflingar við Reykjavíkurborg liggur fyrir. Skal SSSK fá afrit af þeirri viðræðuáætlun.

Nýr kjarasamningur milli aðila verður ekki undirritaður fyrr en nýr samningur Eflingar við Reykjavíkurborg hefur verið undirritaður.

10. gr.
Fyrirvari um samþykki

Samningurinn er undirritaður með fyrirvara um samþykki viðkomandi aðildarfélaga SSSK og félagsmanna Eflingar í atkvæðagreiðslu. Aðilum ber að tilkynna um niðurstöðu atkvæðagreiðslu eigi síðar en 25. september 2024. Telst samningurinn samþykktur hafi ekki verið tilkynnt um annað fyrir þann tíma.

Reykjavík, 18. september 2024

f.h. Samtaka sjálfstæðra skóla
með fyrirvara um samþykki
viðkomandi aðildarfélaga SSSK

f.h. Eflingar – stéttarfélags
með fyrirvara um samþykki
félagsmanna